



Alþingi
Erindi nr. P 132/1412
komudagur 22.3.2006

Alþingi
Elísabet Rán Andrésdóttir
nefndaritari
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. mars 2006
Tilvísun: HI06030005/004

Umsögn Samstarfsnefndar háskólastigsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 136/1997. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006, þingskjal 59, 59. mál.

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 1. mars s.l., þar sem óskað var umsagnar samstarfsnefndar háskólastigsins um framangreint frumvarp.

Efni frumvarpsins lýtur að einu afmörkuðu atriði, sem er tekjuöflun annarra háskóla en þeirra sem ríkið starfrækir. Í frumvarpinu er ekki fjallað um starfsskilyrði háskóla að öðru leyti og hvaða sjónarmið skuli ráða ákvörðun um fjárveitingar til þeirra. Þess vegna telur samstarfsnefnd háskólastigsins sér ekki unnt að taka afstöðu til þeirra hugmynda sem fram koma í frumvarpinu.

Nefndin setur því ekki fram umsögn um þetta afmarkaða mál, en bendir hins vegar á nauðsyn þess að Alþingi taki til umræðu og ákvörðunar fjármögnun háskóla almennt.

Virðingarfyllst
f. h. Samstarfsnefndar háskólastigsins

Þórður Kristinsson
ritari nefndarinnar